



Ekkert barn útundan!

Við sendum þér 3.500 kr. valgreiðslu í heimabankann
svo þú eigir kost á að hjálpa þeim sem þurfa á því að halda.



Dýrmætar minningar

Að skapa börnum jákvæðar minningar er eitt mikilvægasta hlutverk foreldra, fjölskyldu og samfélags. Minningar móta sjálfsmynd okkar, hafa áhrif á það hvernig við lítum á lífið og verða hluti af þeirri sögu sem við segjum um okkur sjálf. Þegar við horfum til baka á æsku okkar eru það sjaldnast dýru gjafirnar eða fullkomnu aðstæðurnar sem standa upp úr heldur augnablikin þar sem við upplifðum öryggi, kærleika og samveru.

Grunnurinn að góðum minningum er ekki fyrst og fremst það sem við gerum heldur hvernig okkur líður. Börn muna sérstaklega þær aðstæður þar sem þeim leið vel, þau fengu athygli og upplifðu sig mikilvæg. Rannsóknir á þroska barna benda til þess að örugg tengsl við foreldra eða umönnunaraðila séu meðal mikilvægustu þátta í heilbrigðum þroska. Þegar barn veit að það er elskað og metið skapar það traustan grunn fyrir jákvæða upplifun og minningar.

Dagleg samskipti skipta þar miklu máli. Stundum eru það einföldustu hlutirnir sem verða eftirminnilegastir; kvöldlestur fyrir svefninn, gönguferð í náttúrunni, samvera við eldhúsborðið eða sameiginlegur leikur. Þessi augnablik senda barninu skilaboð um að það sé mikilvægt og að einhver hafi tíma fyrir það.

Þegar fullorðið fólk rifjar upp bernsku sína eru það oft minningar sem tengjast vináttu og samveru sem vekja hlýjar tilfinningar. Fólk minnst gjarnan fjölskylduferða, hátíða, hefða og stundanna þegar fjölskyldan gerði eitthvað saman. Á sama hátt minnst margir einstaklinga sem sýndu

þeim umhyggju, trúðu á þau og hvöttu þau áfram. Þetta er ekki síst mikilvægt í skólastarfi.

Dýrmætar minningar eiga það sameiginlegt að tengjast tilfinningalegri upplifun. Barn sem man eftir því að hafa verið huggað þegar það var hrætt, fengið hrós fyrir vel unnið verk eða upplifað samstöðu á erfiðum tímum ber þessar minningar með sér langt fram á fullorðinsár. Slíkar minningar geta orðið uppspretta styrks og seiglu þegar á móti blæs.

Hjálparstarf kirkjunnar vill í starfi sínu á Íslandi tryggja börnum öryggi, að þau fái athygli, hlustun og hlýju í samskiptum innan fjölskyldunnar, í skólastarfi og í samfélaginu almennt. Tími sem fjölskyldan ver saman er dýrmætur. Þess vegna stuðlar Hjálparstarfið að því að fjölskyldur geti farið saman í sumarfrí og notið samveru í sumarbústað í Skorradal. Þar dvelja barnafjölskyldur í fjóra daga án endurgjalds.

Nú þegar haustar setjast stórir barnahópar á skólabekk og eins og mörg undanfarin ár aðstoðar Hjálparstarfið barnafjölskyldur sem búa við kröpp kjör við að kaupa skólatöskur, hlýjan vetrarfatnað, íþróttabúnað og fleira sem til þarf fyrir skólagönguna. Söfnun Hjálparstarfsins undir yfirskriftinni Ekkert barn útundan! er því að hefjast. Ef þú vilt styðja þetta starf getur þú greitt valgreiðslu í heimabankanum þínum.

Takk fyrir stuðninginn.

Bjarni Gíslason, framkvæmdastjóri Hjálparstarfs kirkjunnar



Dans- og fræðslumaraþon Gleráarkirkju fór fram 13. til 14. mars og um 80 fermingarbörn tóku þátt.

Dans- og fræðslumaraþon í Gleráarkirkju

Börn í fermingarfræðslu þjóðkirkjunnar gengu í hús í fleiri en 50 sóknum um land allt í nóvember síðastliðnum. Börnin gáfu þannig af tíma sínum til að safna fé til verkefna Hjálparstarfsins í Afríku. Fermingarbörn í Gleráarkirkju völdu dans og fræðslu sem söfnunarleið.

Alls söfnuðu fermingarbörnin tilvonandi um átta milljónum króna og er framlag þeirra og fólksins sem tók vel á móti þeim afar dýrmætt. Prestar, annað starfsfólk kirkna, foreldrar og síðast en ekki síst börnin sjálf lögðu á sig mikla vinnu við söfnunina og er framlag þeirra ómetanlegt.

Söfnunin í fyrrahaust var sú tuttugasta og fimmta í röðinni en hugmyndin að þessu samstarfi Hjálparstarfsins við söfnuði og kirkjur landsins kviknaði árið 1999. Hún var borin bréflega undir presta um allt land þá um haustið og var afar vel tekið. Safnanir fermingarbarna hafa síðan þá verið árlegur viðburður, ef haustið 2020 er tekið út fyrir sviga þegar ekki var safnað með formlegum hætti vegna sóttvarna í heimsfaraldri.

Þessu til viðbótar, í stað hefðbundinnar söfnunar, stóð Gleráarkirkja fyrir sérstökum viðburði þar sem fermingarbörnin tóku til hendinni – eða til fóta sinna væri kannski réttara að segja. Um 80 börn sem fermdust frá Gleráarkirkju héldu dans- og fræðslumaraþon og söfnuðu áheittum hjá fjölskyldum sínum og vinum.

Maraðon

Eydís Ösp Eypórsdóttir, djákni í Gleráarkirkju, varð vel við óskum Hjálparstarfsins um stuttan pistil um þetta frábæra framtak. Hún skrifar:

„Fermingarbörn í Gleráarkirkju tóku þátt í metnaðarfullu dans- og fræðslumaraþoni þar sem dansað var samfellt í heilan

sólarhring til styrktar vatnsverkefni Hjálparstarfs kirkjunnar.

Vatnsverkefnið hefur um árabíl verið fastur liður í fermingarfræðslu kirkjunnar. Hingað til höfðu börnin gengið í hús og safnað peningum, en í fyrra þá var því fyrirkomulagi breytt og brugðið á það ráð að safna með nýjum og lifandi hætti. Í aðdraganda maraþonsins söfnuðu fermingarbörnin áheittum hjá fjölskyldu, vinum og nágrönnum, sem tengdust þátttöku þeirra í dansinum.

Maraþonið hófst eftir skóla á föstudegi með fræðslu um starf Hjálparstarfsins. Þar kynntust börnin aðstæðum jafnaldra sinna í Eþíópíu og fengu innsýn í mikilvægi þess að tryggja aðgengi að hreinu vatni, meðal annars með byggingu brunna.

Að fræðslu lokinni tók við fjölbreytt dagskrá þar sem dans, samvera og fræðsla fléttuðust saman. Þátttakendur skiptu sér í hópa sem sinntu mismunandi hlutverkum, svo sem dansi, tónlist og eldhússtörfum. Dansgólfið var mannað allan sólarhringinn þar sem minni hópar skiptust á að halda dansinum gangandi yfir nóttina.

Foreldrar og aðstandendur voru hvattir til að kíkja við, sérstaklega um kvöldið þegar sérstakir 80's og 90's tónlistartímar voru á dagskrá. Þá gafst gestum kostur á að taka þátt í dansinum með krökkunum og leggja sitt af mörkum til verkefnisins.

Maraþonið var þannig bæði lærdómsríkt og skemmtilegt lokaverkefni fermingarfræðslunnar – og um leið mikilvægt framlag til góðs málefns.“

Hagtölur fela börn sem búa við fátækt



„Það er þekkt að fjölskyldur einstæðra foreldra búa við auknar líkur á fátækt í samanburði við fjölskyldur með tvær fyrirvinnur, einfaldlega vegna þess að það er erfitt að komast af án tveggja fyrirvinna í íslensku þjóðfélagi.“

Þetta er meðal þess sem segir í skýrslunni Fátækt og áætlaður samfélagslegur kostnaður, sem kom út fyrir skemmstu en tilefni hennar var skýrslubeiðni til forsætisráðherra.

9.400 börn

Tölur um barnafátækt einblína á lögheimili barna. Skilnaðarbörn eiga hins vegar foreldra með mismunandi lögheimili. Fyrir vikið er gert ráð fyrir því að barnafátækt sé vanmetin ef lögheimilisforeldrið býr ekki við fátækt en umgengnisforeldrið gerir það. Þetta er skýrt tekið fram í skýrslunni og sagt í samhengi að fátækt umgengnisforeldris hefur að öllum líkindum áhrif á möguleika þess til að vera virkur þátttakandi í lífi barnsins og haft áhrif á gæði sambands foreldris og barns.

Niðurstaða skýrsluhöfunda, þegar horft er eingöngu til stöðu á lögheimili barna, er að 11,6% barna séu undir lágtekjumörkum á lögheimilum sínum. Samkvæmt því eru þau 9.400 talsins.

Þá segir: „Aðeins 1,1% barna er í þeirri stöðu að vera skilnaðarbörn og eiga báða foreldra undir lágtekjumörkum. Þessi hópur er að líkindum sá verst setti. Aftur á móti

er lágtekjuhlutfall barna 14% ef tekið er tillit til bæði fjárhags á lögheimili og fjárhags á lögheimili og fjárhags umgengnisforeldris.“

Í stuttu máli er niðurstaða höfunda því að töluvert fleiri börn búi við fátækt en opinberar tölur gera ráð fyrir. Því er talið mikilvægt „að greina betur áhrif skilnaða á líf skjör barna og foreldra þeirra í framtíðinni til að finna leiðir til að verja skilnaðarbörn fyrir fátækt á heimilum beggja foreldra.“

Fjölmennur hópur

Í starfi Hjálparstarfsins má sjá eina birtingarmynd barnafátæktar og samhengis við stöðu foreldra þeirra. Á starfsárinu 2024 – 2025 voru flestir þeirra sem leituðu stuðnings á aldrinum 30 – 39 ára og voru konur 70,3% umsækjenda. Flestir, eða 50% umsækjenda, voru einstæðir lögheimilisforeldrar. Er það niðurstaða félagsráðgjafa Hjálparstarfsins að svo virðist sem að einstæðir lögheimilisforeldrar og barnafjölskyldur á aldrinum 30 – 39 ára séu fjölmenn í þeim hópi íslensks samfélags sem verst er statt.

Þessi punktur sem settur er fram í skýrslunni snertir því á grundvallarsýn Hjálparstarfsins þegar aðstoð er veitt en

Þá er oft sérstaklega horft til þess að um barnafjölskyldu sé að ræða. Þá er megin markmiðið að grunnþörfum fólks sé mætt, að fjárhagslegir erfiðleikar ógni ekki heilsu fólks og takmarki ekki möguleika barna og unglinga til að taka þátt í samfélaginu.

Vítahringur fátæktar

Fátækt í æsku getur haft langvarandi áhrif á einstaklinga. Þetta birtist félagsráðgjöfum Hjálparstarfsins aftur og aftur í þeirra daglegu störfum. Á sama tíma er hlutfall barna á Íslandi sem búa á heimilum undir fátæktarmörkum 11,6%, eins og áður sagði en er þá ekki gert ráð fyrir ósýnilega hópnum sem á umgengnisforeldri sem býr við kröpp kjör. Börnin sem búa á heimilum undir fátæktarmörkum eru því um 9.400 börn, að lágmarki.

Í því samhengi má nefna að gera má ráð fyrir að 5-20% af þeim börnum sem búa við fátækt í dag muni glíma við sama vanda sem fullorðnir einstaklingar, eða á bilinu 470 til 1.600 einstaklinga

Bjallan hringir inn

Á hverju hausti leita fjölmargar barnafjölskyldur til Hjálparstarfs kirkjunnar. Ástæðan er einföld og ávallt sú sama. Þau sem minnst hafa handa á milli þurfa aðstoð við að útvega börnum sínum það sem öll börn þurfa þegar skólar hefjast. Tvö undanfarin haust, 2024 og 2025, leituðu samtals 214 fjölskyldur til Hjálparstarfsins við upphaf skólasterfs og börnin sem fengu aðstoð voru 543 talsins.

Nú í ágúst leggur Hjálparstarfið því sérstaka áherslu á að aðstoða efnalítla foreldra í upphafi skólaárs til þess að koma í veg fyrir félagslega einangrun barna. Foreldrar fá þá aðstoð svo börnin geti stundað íþróttir og tómstundastarf

með jafnöldrum sínum – óháð efnahag. Börnin fá einnig vetrarfatnað, íþróttfatnað og -töskur, ritföng til að nota heima við, nestisbox og skólatösku. Sjaldan hafa jafn margir sótt um aðstoð til Hjálparstarfsins vegna skólabyrjunar eins og undanfarin ár, og ekkert bendir til annars en hópurinn sem sækir um á hausti komanda verði áþekkur að stærð.

Vilborg Oddsdóttir, félagsráðgjafi sem hefur umsjón með innanlandsstarfi Hjálparstarfsins, útskýrir að Hjálparstarfið hafi um langt árabil aðstoðað foreldra sem eiga börn á þessum tímamótum sem upphaf skólagöngu er. Sérstök haustsöfnun í tilefni þess að skólastarf er að hefjast kom til árið 2017, en fram til þess tíma hafi Hjálparstarfið notið stuðnings fjölda aðila við að létta undir með foreldrum skólabarna.

Mega ekki einangrast

Vilborg segir erfitt að meta hvort frekari aukning verði á umsóknum þetta haustið. Ekkert bendi þó til annars en að þörfin sé mikil og húsnæðiskostnaður heimilanna sé viðvarandi vandamál. Draga megi þá ályktun að mörg fjölskyldan kvíði haustinu.

Markmið Hjálparstarfsins með sérstakri aðstoð í skólabyrjun ár hvert er að börn einangrist ekki vegna bágs efnahags fjölskyldunnar. Þekkt er að börn sem búa við fátækt eru útsett fyrir félagslegri einangrun sem getur valdið þeim sársauka og haft langvarandi félagslegar og heilsufarslegar afleiðingar.

Stundum þarf svo lítið til, hefur Vilborg bent ítrekað á, því áföll sem í margra augum eru smávægileg geta haft alvarlegar afleiðingar á þessum viðkvæma tíma í lífi hvers barns. Þess vegna er afar mikilvægt að lágmarka hættuna á því að börnin sjái skólann í neikvæðu ljósi í upphafi skólagöngu.

„Það getur haft mikil áhrif síðar á ævinni,“ segir Vilborg.

JÓGA

FYRIR ALLA

Jóginn skynjar sjálfan sig í sálu hverrar veru og allar verur í sálu sinni. Bhagavad Gita

Skipholt 50 C
www.jogasetrid.is



JÓGASETRID



Gombeza White og kona hans að sinna viðhaldi á íbúðarhúsinu þeirra en endurnýjun á þakefni var mjög aðkallandi.

Vatnsveitan skilar margfaldri uppskeru

Gombeza White er bóndi í þorpinu Mlongosola í Chikwawahéraði í Malaví. Gombeza, sem er á níræðisaldri, hefur sýnt það og sannað að hár aldur er engin fyrirstaða í því að ná eftirtektarverðum árangri þegar tækifæri gefst til að bæta sinn hag.

Þessi fullorðni bóndi er fyrirmynd sér mun yngra fólks í samfélaginu og hefur nýtt sér til fullnustu þau tækifæri sem gáfust þegar Hjálparstarf kirkjunnar vann með bændum að því að tryggja vatn á akra þorpsbúa, en um verkefni í þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoð í Malaví er að ræða sem Hjálparstarfið réðist í árið 2023 og stendur enn.

Gombeza, sem er fæddur árið 1942, og eiginkona hans eiga sjö börn; tvær dætur og sjö syni. Þó að börnin séu flogin úr hreiðrinu þá halda þau hjónin enn heimili og yrkja akur sinn þar sem þau rækta rauðar sykurbaukir. Áveitan er þeim afar mikilvæg sem og gæðafra sem bændur í þorpinu fengu úthlutað á vegum verkefnis Hjálparstarfsins.

Upphaflega fengu þau hjónin úthlutað átta kílóum af sykurbauknafræjum, veðurþolnu afbrigði sem kallað er NUA 45 og gefur af sér betri og næringarríkari uppskeru en baukirnar sem bændur á svæðinu ræktuðu áður. Þau hafa til umráða skika sem er 30 sinnum 150 metrar sem gaf þeim uppskeru sem í besta falli gaf þeim nóg til að komast af – en lítið meira en það. Í góðu ári höfðu þau rétt nóg til að borða en þegar áföll urðu var staða þeirra fljótt alvarleg. Hungrið svarf að og óvissan lamaði framtaksvilja þeirra sem og allra bændanna í þorpinu sem voru í sömu stöðu.

Vatn til vandræða

Malaví er nefnilega land sem er svo í sveit sett að vatn er þar til stöðugra vandræða – ef flóð eru ekki viðfangsefnið þá eru það þurrkar. Lykill bænda að góðri uppskeru er því að hafa þá stjórn sem vatnsveita gefur þeim. Á því byggði verkefni Hjálparstarfsins og er margþætt en tvíþætt þegar að vatnsveitu kemur. Annars vegar að útdeila sólarrafdrifnum vatnsdælum og hins vegar að byggja upp áveitu í nærliggjandi á sem rennur stutt frá Mlongosola, sem er blessun fyrir bændur í sveitinni en jafnframt bölvun þegar himnarnir opnast á regntímanum og gefa þarlandum bændum meira af blessuðu vatninu sem þeir stóla á en góðu hófi gegnir. Þetta átti svo sannarlega við þegar stutt var liðið árs 2023.

Hitabeltisstormurinn Freddy barði á suðurhluta Malaví um miðjan mars 2023 skildi eftir sig slóð eyðileggingar og manntjóns. Stormurinn hafði áhrif á líf 2,3 milljóna manna. Innviðir stórskemmdust víða um landið sunnanvert og vel á sjöunda hundrað þúsund manns hraktist frá heimilum sínum.

Í kjölfar hamfaranna ákvað Hjálparstarf kirkjunnar að ganga til samstarfs við systurstofnanir sínar í Noregi

(NCA) og Danmörku (DCA) um brýna neyðaraðstoð í Chikwawa-héraði þar sem Hjálparstarfið stendur að langtímaverkefni í þróunarsamvinnu.

Við á landinu stórskemmdust opinberar byggingar; skólar, sjúkrahús sem og samgöngumannvirki. Eins raforkumannvirki, vatnsveitukerfi, uppskera tapaðist og ræktarland eyðilagðist í stórum stíl. Það gerði stöðu margra enn alvarlegri þegar til lengri tíma er litið en tugþúsundir hektara ræktarlands skuluðust burt í flóðunum.

Þungamiðja neyðaraðstoðar Hjálparstarfsins var í Chikwawahéraði, eins og áður sagði vegna þróunarsamvinnuverkefnisins sem hófst í ársbyrjun 2023. Í ljósi hamfaranna er ástæða til að hnykkja á tilgangi þess verkefnis sem er að auka viðnámsprótt samfélagsins gegn öfgum í veðri af völdum loftslagsbreytinga og tryggja lífsviðurværi og fæðuöryggi fólks eins vel og mögulegt er.

Uppbygging áveitukerfis í Chikwawa

Hjálparstarf kirkjunnar ákvað á vormánuðum 2025 að styrkja verkefnið í Malaví sem tengist ofansögðu bæði beint og óbeint. Nefnilega uppbyggingu á Mlongosola – Tithandizane áveitukerfinu í sveitarfélaginu TA Makhwira á verkefnasvæði Hjálparstarfsins í Chikwawa-héraði. Í héraðinu er þorpið hans Gombeza, eins og nafn áveitunnar gefur til kynna.

Nú að verki loknu sér áveitan 150 bændafjölskyldum fyrir vatni á rúmlega sjö hektara ræktarlands. Svæðið sem um ræðir var gert hæft til ræktunar árið 2015 í samstarfi

við írsku hjálparsamtökin Irish Aid. Frá þeim tíma hafa bændur ræktað baunir, maís, sætar kartöflur og margar tegundir grænmetis. Hverjum bónda var úthlutað skika sem var tíu sinnum fimmtíu metrar að stærð, en svæðið allt er 7,5 hektarar að stærð. Í framtíðinni er vonast til að mögulegt verði að rækta allt að fimmtán hektara lands sem gefur mikla möguleika fyrir bændur og byggir undir velmegun fjölskyldna þeirra á stóru svæði í héraðinu.

Ýmis áföll hafa hins vegar takmarkað notkunarmöguleika svæðisins. Miklar rigningar árin 2018, 2019 og 2021 hafa ítrekað spilt fyrir því sem byggt var upp en stærsta áfallið voru náttúruhamfarirnar árið 2023 þegar hitabeltisstormurinn Freddy reið yfir. Eftir þessi áföll höfðu innviðir áveitukerfisins orðið fyrir miklum skemmdum og átti það við um inntak, varnargarða, skurði og vatnsleiðslur. Til bráðabirgða hafa litlar vatnsdælur verið nýttar til að veita vatni á landið en þær anna aðeins brotabroti af því sem áveitan skilar uppbyggð.

Þá féll undir verkefnið að stofna til og þjálfa nefndir heimamanna til að annast mannvirkin að uppbyggingu lokinni auk þess sem bændur á svæðinu hafa fengið þjálfun í því að nýta vatnið frá áveitunni með skilvirkum hætti og fræðslu um ræktun almennt. Allt er þetta gert til að tryggja sjálfbærni svæðisins til lengri tíma litið, bæði hvað varðar mannvirkin og til að hámarka uppskeru á hverjum tíma.

Og öllu þessu hefur Gombeza tekið höndum tveim.



GÓLFSLÍPUN AXELS
SÍÐAN 2005

- ☒ Steypa
- ☒ Terrazzo
- ☒ Parket
- ☒ Marmari
- ☒ Náttúru steinn
- ☒ Dúkur ofl.



Með dugnaði og fyrirhyggju hafa þau hjónin náð að styrkja stöðu sína mikið frá því sem áður var.

Uppskera og uppgrip

Gombeza byrjaði með átta kíló af fræjum, eins og áður sagði. Smátt og smátt náði hann að auka fræforða sinn og nýtti til þess vatnsveitu og upplýsingar um ræktunaraðferðir sem hann fékk frá samstarfsaðila Hjálparstarfsins, en verkefnið er unnið í samstarfi við Samband evangelískra kirkna í Malaví (Evangelical Association of Malawi, EAM). Þegar uppskerutíma lauk í júní síðastliðnum hafði Gombeza margfaldað uppskeru sína frá því sem áður var. Hann hélt eftir 50 kílóum af baunum fyrir heimilið en seldi á markaði önnur 200 kíló sem gáfu honum umtalsverðar tekjur eða um 140 þúsund krónur (1.100 USD/1,9 milljón malavískir kwakar).


Þessi uppgrip gjörbreyttu stöðu þeirra hjóna til hins betra. Fyrst af öllu tóku þau til hendinni við nauðsynlegt viðhald á íbúðarhúsi fjölskyldunnar og til þess þurfti að kaupa sement og efni fyrir þakklæðningu. Gombeza fjárfesti líka í mjólkurkú, endurnýjaði húsbúnað og verkfæri. Þessar fjárfestingar komu þó ekki í veg fyrir að Gombeza náði að leggja smá upphæð til hliðar í varasjóð, sem ætlaður er til að bregðast við óvæntum skrokkskjóðum.

Gombeza keypti sér kú eftir söluna á sykurbaununum sem gjörbreytir mataræði fjölskyldunnar jafnt sem færir þeim möguleika til sölu á afurðum á markaði.

Fyrir Gombeza og alla sem búa í þorpinu Mlongosola færir áveitan þeim ekki aðeins mat og vörur til að selja á markaði í nágrenninu. Áveitan færir þorpsbúum líka fyrirsjáanleika því dyntir í veðri eru þeim ekki eins skaðlegir og löngum áður. Þessar breyttu aðstæður blæs fólki bjartsýni í brjóst; gefur fólki von og trú á framhaldið. Þeirri öryggistilfinningu fylgir oft framkvæmdaglegð.

„Næst ætla ég að stækka skikann minn og rækta enn meira af baunum,“ segir Gombeza og bætir við að hann ætli sér klára viðhaldið á íbúðarhúsi fjölskyldunnar. Skikann sem hann nýtir til ræktunar ætlar hann að stækka um 500 fermetra og auka framleiðsluna upp í að lágmarki 350 kíló af sykurbaunum í hverri uppskeru.

„Ég trúi því að nýja áveitan okkar muni hjálpa mér til þess að láta drauma okkar rætast, enda mun hún tryggja okkur aðgang að vatni og uppskeran bregst ekki, eins og við höfum svo oft upplifað.“





Stríðið gerði mig ósjálfbjarga

Yusuf Ibrahim Abdulaziz er fimmtugur Súðani, fæddur og uppalinn í höfuðborginni Khartoum.

Yusuf Ibrahim Abdulaziz er fimmtugur Súðani, fæddur og uppalinn í höfuðborginni Khartoum. Þrátt fyrir fötlun sína hefur hann alltaf getað unnið fyrir sér og lifað sjálfstæðu lífi þrátt fyrir erfiðleika. Eða allt til þess dags sem borgarastyrjöld braust út í landinu.

Hörð átök milli súðanska stjórnarhersins (SAF) og sveita uppreisnarhersins Rapid Support Forces (RSF) hafa nú geislað í Súðan í á fjórða ár með skelfilegum afleiðingum fyrir almenna borgara en mannúðarkrísan í Súðan hefur verið talin sú stærsta og vanmetnasta í veröldinni nú um stundir.

Átökin eiga rætur sínar að rekja til valdabaráttu tveggja hershöfðingja sem stóðu sameiginlega að valdaráni í landinu árið 2019 þegar fyrrverandi forseta landsins var steypt af stóli en hann hafði þá setið í embætti í tæpa þrjá áratugi. Herstjórn hershöfðingjanna tveggja tók við en spennan þeirra á milli hafði farið stigvaxandi þar sem þeir deildu um innleiðingu nýs stjórnarfars í landinu og aðlögun RSF sveitanna að stjórnarhernum.

Erfitt að fela sársaukann

Frá því átökin hófust þann 15. apríl 2023 hafa tugir þúsunda fallið í átökunum og enn fleiri hafa særst. Nú þegar átökin hafa staðið svo lengi sem raun ber vitnið er sú staða komin upp

að hungursneyð geisar í landinu þar sem milljónir búa við alvarlegan næringarskort og fjölmargir deyja hungurdauða dag hvern. Þess utan hafa milljónir íbúa landsins neyðst til að yfirgefa heimkynni sín og eru á vergangi innan Súðan en á milli fjórar og fimm milljónir manna hafa flúið land og þá aðallega til Mið-Afríkulýðveldisins, Chad, Egyptalands, Suður-Súðan og Eþíópíu. Allt þetta fólk er í brýnni þörf fyrir aðstoð hvort sem það hefst að hjá ættingjum innanlands eða í yfirfullum flóttamannabúðum í nágrannaríkjum.

Yusuf Ibrahim Abdulaziz er einn úr þessum hópi.

„Stríðið hefur gert það sem fötlun mín gerði aldrei. Ég er ósjálfbjarga. Ég get ekki til þess hugsað lengur að þurfa að sitja og bíða eftir því að einhver mér ókunnugur færi mér mat og aðrar nauðsynjar,“ segir Yusuf sem hefur um langt árablið unnið við reiðhjólavíðgerðir í heimaborg sinni. Hann segir stoltur frá því að margur sem gengur heill til skógar hafi lægri laun en hann hefur haft á hjólréiðaverkstæðinu, sérstaklega í ljósi þess að hann sé sjálfmenntaður.



Lífssbarátta flóttamanna frá Súdan er afar erfið og á það við um allar flóttamannabúðir á svæðinu.

Yusuf segir frá brosandí, en getur þó illa falið þann sársauka sem fylgir því áfalli sem hann hefur orðið fyrir í kjölfar borgarastyrjaldarinnar. Hann flúði frá Khartoum þann 18. júní 2023 – réttum tveimur mánuðum eftir að skærunnar brutust út. Það tók hann fimm daga að komast til landamærabæjarins Metema þar sem hann óskaði eftir hæli í Eþíópíu. Að öllu óbreyttu tæki þetta ferðalag aðeins einn dag en í stríðshrjáðu landi breytast öll formerki á stuttu ferðalagi.

Aftur og aftur var för hans og samferðamanna stöðvuð af hermönnum beggja fylkinga. Fólk var myrt á flóttu og hermennirnir hirða iðulega allar eigur fólks. Margir þurfa að múta hermönnum til að geta haldið för sinni áfram, sem er þó engin trygging fyrir því að langt sé komist. Vegir til nágrannaríkja Súdan eru varðaðir af hermönnum sem notfæra sér neyð flóttamanna. Þegar allt er uppuríð – lausafé og aðrar eigur – er för fólks stöðvuð og þeim snúið til baka þar sem frekari hörmungar bíða þeirra. Flóttinn er fyrir þá sterku – hinir hæfustu komast af.

Fötlun Yusuf er honum engin vörn gegn niðingshætti hermanna. Allar eigur hans voru hirtar og hálfgróin sár í andliti hans og á höndum fara ekki framhjá neinum. Þrátt fyrir allt liggur þyngst á Yusuf að hafa engar fréttir fengið af systkinum sínum og öðrum ættingjum sem ennþá þreyja þorran í Khartoum þar sem átökin eru einna hörðust frá upphafi stríðsins.

Grátt ofan á svart

Yusuf dvaldi í fjóra daga við landamæri Súdan og Eþíópíu áður en hann var fluttur til Kumer flóttamannabúðanna. Búðirnar voru í Amhara fylki Eþíópíu, um 70 kílómetra frá landamærunum. Yusuf, og allir aðrir sem í flóttamannabúðum dvelja, er háður aðstoð með allar

grunnþarfir sínar; mat, skjól, vatn, heilbrigðisþjónusta og allt annað sem öllum er nauðsynlegt. Fötlun hans bætir síðan gráu ofan á svart.

Í flóttamannabúðunum er skortur á öllu sem nafni tjáir að nefna, að því er Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna (UNHCR) greinir frá. Búðirnar eru í raun bara samansafn flóttafólks án þess að nauðsynlegir innviðir hafi verið byggðir upp, enda fer allur tími og orka hjálparamtaka í að sinna þeim þúsundum sem streyma frá Súdan á degi hverjum. Þetta þýðir jafnframt að illa gengur að beina fólki áfram á hentugri dvalarstaði.

Tugþúsundum hjálpað

Hjálparstarf kirkjunnar í Noregi, NCA, biðlaði í lok ágúst 2024 til systurstofnana í Alþjóðlegu Hjálparstarfi kirkna, ACT Alliance um fjárframlag til þess að geta sett aukinn kraft í mannúðaraðstoð í Súdan en helmingur þjóðarinnar, þá um 25 milljónir íbúa, bjó við skelfilegar aðstæður.

Frá 1. september 2024 til 31. ágúst 2025 áætlaði NCA að vinna með Caritas Internationalis og innlendum hjálparamtökum í Súdan að því að veita mannúðaraðstoð til tæplega 100.000 einstaklinga, jafnt fólks á flóttu undan stríðandi fylkingum sem íbúa í samfélögum sem taka á móti flóttafólkinu. Fólkið fær reiðufé fyrir nauðpurftum og því útvegað vatn og hreinlætisaðstaða. Þá er sérstaklega hugað að því að konur og stúlkur verði ekki fyrir kynbundnu ofbeldi og sálrænn stuðningur veittur börnum og fullorðnum. Beiðni barst frá NCA um framlengingu á verkefninu til loka febrúar 2026.

Hjálparstarfið hefur sent 16,5 milljónir króna til Hjálparstarfs Lútherska heimssambandsins í Eþíópíu sem aðstoðar flóttafólk frá Súdan. Framlagið er að meðtöldu framlagi utanríkisráðuneytisins.



Eftir nám í menntasmiðju UYDEL sótti Omar um starf á veitingahúsinu Yummy og fékk.

Öðlaðist nýtt líf yfir pottunum

Þegar Omar Saidi var rétt rúmlega tvítugur var líf hans í kaldakoli vegna áfengis- og fíkniefnaneyslu. Þá bauðst honum óvænt tækifæri sem breytti lífi hans.

Omar er 27 ára og yngstur fimmtán systkina. Faðir hans lést úr alnæmi þegar hann var aðeins níu ára sem kallaði mikið harðræði yfir fjölskylduna; móðir hans sem er á lífi og stóran systkinahóp. Skólaganga hans í heimaborginni Jinja var stutt og gloppótt. Helst var því um að kenna að Omar kynntist áfengi snemma og strax á fjórtánda ári var hann tekinn að misnota áfengi ásamt vinahópi sínum.

Fjölskyldan átti sér velgjörðarmann; Bandaríkjamann sem lagði til peninga fyrir skólagöngu yngstu barnanna og þeirra á meðal fyrir Omar. Þetta haldreipi fjölskyldunnar brast þó þegar velgjörðarmaður þeirra lést skyndilega og langt fyrir aldur fram. Án hans gat Omar ekki haldið skólagöngu sinni áfram og honum var nauðugur einn kostur og hóf leit að vinnu til að sjá fyrir sér og móður sinni. Sú leit skilaði litlu. Einstaka hlutastörf sem gáfu fjarri því nóg til að Omar gæti séð sér og móður sinni farborða.

Gamlir ósiðir taka sig upp

Stutt frá Jinja, heimaborg Omars, stendur höfuðborgin Kampala. Borgirnar eru báðar við norðanvert Viktoríuvatn og aðeins 70 kílómetrar þar á milli. Eins og þúsundir annarra ungmenna sem alast upp í nágrenni höfuðborgarinnar, hvort sem þau fæðast í sveit eða bæ, stóðst Omar ekki aðdráttarafl höfuðstaðarins. Borgin hefur nefnilega yfir sér þá áru að þar séu endalausir möguleikar fyrir ungt fólk og val um góð vel launuð störf. Reynslan sýnir hins vegar að mörgum verður hálta á svellinu í leit sinni að betra lífi. Þetta fékk Omar að reyna. Þrátt fyrir þrotlausa leit vikum og mánuðum saman þá fékk hann ekki vinnu við hæfi. Gamlir ósiðir tóku sig upp og vandalaust að finna vettvang í fátækrahverfum borgarinnar ef áfengi og eiturylf eru það sem ungt fólk leitar að. Þar er framboðið mikið og hópar manna sem hafa að atvinnu að misnota aðstöðu sína gagnvart ungu fólki sem hefur misst fótanna í lífinu.



Góður nemandi og harðduglegur

Þegar botninum var náð varð það Omari til happs að honum bauðst að hefja matreiðslunám í einni af menntasmiðjum Ugandan Youth Development Link (UYDEL) í Kampala, höfuðborg Úganda en samtökin eru samstarfsaðili Hjálparstarfs kirkjunnar í borginni og hafa áratuga reynslu af því að vinna með ungu fólki í fátækrahverfum borgarinnar og eru leiðandi í baráttunni gegn mansali og barnaprælkun í landinu.

Það voru barnaverndaryfirvöld í Kampala sem vöktu athygli félagsráðgjafa UYDEL á þeirri stöðu sem Omar var kominn í. Félagsráðgjafarnir náðu að sannfæra Omar um að hefja nám í menntasmiðju samtakanna og þar valdi hann sér matreiðslu sem sérfag. Þegar á leið breikkaði áhugasvið hans og hann tók virkan þátt í námskeiðum af öllu tagi. Þar á meðal drakk hann í sig lexíur félagsráðgjafanna um hvernig hann gæti forðast að falla aftur í djúpan pytt áfengis- og fíkniefnaneyslu.

„Ég er líka virkur í hverfinu mínu og tek þátt í að fræða ungt fólk um hættur sem fylgja áfengis- og fíkniefnaneyslu. Ég segi þeim mína sögu og hvernig mér tókst að snúa taflinu við.“

Omar var góður nemandi og harðduglegur. Snemma var hann því valinn til að leiðbeina öðrum ungmennum sem

komu til náms í starfssmiðju UYDEL. Sú ábyrgð sem honum var falinn styrkti hann enn frekar og fyllti hann af ábyrgðartilfinningu og sjálfsöryggi. Að námi í matreiðslu loknu tók hann að sér kennslu í þeim fræðum sem styrkti hann enn frekar og ekki síst gagnaðist sú reynsla honum þegar hann tók skrefið út á vinnumarkaðinn eftir langt hlé.

Segir sína sögu

Vopnaður reynslu sinni frá menntasmiðju UYDEL sótti hann um starf á veitingahúsinu Yummy, sem stendur við fjölfarna breiðgötu í miðri Kampalaborg. Launin eru ágæt og hann nær að kaupa allar nauðsynjar, leggja aðeins fyrir og senda móður sinni ákveðna upphæð mánaðarlega.

„Þegar ég hef lagt nægilega mikið fyrir ætla ég að byggja upp fyrirtæki,“ segir Omar sem hefur hug á því að stunda eigin rekstur og þá jafnvel að opna sitt eigið veitingahús. Hann segist vera bjartsýnn og vonar að hann nái að tengjast öllum þeim sem hann missti sambandið við árin sem hann var í óreglu. Ekki síst að byggja upp traust gagnvart fyrrverandi unnustu og fá að umgangast son þeirra sem hann hefur lítið umgengist.

„Ég er líka virkur í hverfinu mínu og tek þátt í að fræða ungt fólk um hættur sem fylgja áfengis- og fíkniefnaneyslu. Ég segi þeim mína sögu og hvernig mér tókst að snúa taflinu við. Svo fer ég stundum í smiðjuna mína og kenni krökkum að elda góðan mat og baka. Þannig reyni ég að borga til baka fyrir þá hjálp sem ég fékk og breytti öllu í mínu lífi,“ segir Omar.





Guðný Helena Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi (t.v) og Hildur, unnu náið saman þær þrettán vikur sem starfsnámið varði.

Þrettán dýrmætar vikur

Dagarnir áður en ég fékk úthlutað starfsnámi einkenndust bæði af kvíða og eftirvæntingu. Þegar ég fékk svo upplýsingar um að ég ætti að verja þrettán vikum hjá Hjálparstarfi kirkjunnar vissi ég ekkert hvað ég væri að fara út í.

Ég leitaði strax uppi heimasíðu Hjálparstarfsins og áttaði mig við lesturinn á þeirri umfangsmiklu starfsemi sem Hjálparstarfið sinnir. Þó lesturinn gæfi mér ákveðna hugmynd um starfið þá hefði ég aldrei getað áttað mig á hversu mikið ég ætti eftir að læra og hversu fjölbreyttan hóp fólks ég ætti eftir að aðstoða.

Það var tekið mjög vel á móti mér frá fyrsta degi og ég upplifði mig strax sem hluta af hópnum. Helena var kennarinn minn og ég fylgdi henni mestmegnis en ég fékk einnig leiðsögn frá þeim Vilborgu og Lovísu, sem miðluðu líka af reynslu sinni til mín. Það var lærdómsríkt að fylgjast með þessum þremur félagsráðgjöfum í starfi og sjá hvað þær nálguðust verkefnið á fjölbreyttan hátt. Það gaf mér tækifæri til þess að tileinka mér ólík vinnubrögð.

Á hverjum mánudegi fór ég ásamt Vilborgu niður í húsnæði Hjálpræðishersins þar sem virkniverkefnið Saumó - tau með tilgang er til húsa. Þar kemur hópur kvenna saman til þess að sauma, hekla, þrjúna og njóta félagsskapar. Flestar þessara kvenna hafa flúið sitt heimaland vegna stríðsátaka. Í Saumó eignaðist ég góða vinkonu sem talaði hvorki ensku né íslensku og ég talaði ekki hennar móðurmál. Okkar samtöl voru í gegnum túlkunarforrit en oft sátum við bara saman og mynduðum vinasamband í gegnum óyrta tjáningu. Þessari vinkonu minni mun ég aldrei gleyma.

Á þriðjudögum tók ég þátt í námskeiði sem kallast Statu með sjálfri þér. Þetta námskeið byggir á því að efla konur til sjálfshjálpar. Þær öðlast tæki og tól til þess að takast á við áskoranir í daglegu lífi. Það var áhugavert fyrir mig sem nema að fylgjast með og í raun að stunda sjálfsskoðun og speglun í gegnum þær umræður sem mynduðust. Hluti af

námskeiðinu hjá þátttakendum eru viðtöl hjá félagsráðgjafa sem ég fékk að sitja. Þar sá ég hvernig viðtalstækni er notuð í praktík og fann ég fyrir miklu trausti í minn garð þar sem allar þær konur sem mættu í viðtöl voru meira en tilbúnar til að leyfa mér að fylgjast með.

Miðvikudagar einkenndust af því að taka viðtöl við einstaklinga eða fjölskyldur sem óskuðu eftir lyfjaaðstoð eða aðstoð til þess að versla matvörur. Þar ræddi ég reglulega við innflytjendur og umsækjendur um alþjóðlega vernd. Ég fékk innsýn í bága stöðu margra í þessum hópnum og sögurnar voru margar átakanlegar. Þá var góð tilfinning að geta aðstoðað þau sem standa höllum fæti og virkilega finnst að maður hafi komið að gagni.

Skjólið er úrræði fyrir heimilislausar konur og þar fékk ég að verja öllum fimmtudögum. Þar var tekið vel á móti mér. Allar þær konur sem ég hitti og fékk að verja tíma með voru að glíma við margþættan vanda. Ég fékk að heyra ýmsar sögur og öðlaðist ákveðna innsýn í líf þessara kvenna sem er mér dýrmætt.

Þegar upper staðið voru þessar þrettán vikur mjög dýrmætar fyrir mig sem verðandi félagsráðgjafa. Það var ákveðin reiði sem blossaði upp þegar maður sá í hversu slæmri stöðu margir á Íslandi eru og einnig reiði gagnvart stjórnvöldum að gera ekki meira í þessum málaflokki. Starfsnámið kveikti áhuga minn á bágri stöðu þessa hóps sem ég hafði ekki áður. Ég get sagt að dvöl mín hjá Hjálparstarfinu hafi mótað komandi vegferð mína sem félagsráðgjafa.

Hildur Margrét Arnbjargardóttir

Félagsráðgjafarnemi, MA

Kærar þakkir fyrir stuðninginn!

Reykjavík

A. Margeirsson ehf
Advokat lögmannsstofa ehf - Gisli Tryggvason
lögmaður
Alba gistiheimili
Alda eignarhaldsfélag ehf
Arev verðbréfafyrirtæki hf
Arnar Vilhjálmur Arnarsson
B.B.bílaréttingar ehf
Bananar ehf
Bastard Brew & Food - bastard.is
Bendir ehf
BGI málarar ehf
Bílamálun Sigursveins Sigurðssonar
Bílasmiðurinn hf
Blómabúðin Hlíðablóm
Blómagallerí
Bókabúðin Sjónarland
Bókhaldsþjónusta Júlíönu ehf
Bókhaldsþjónustan Rúnir ehf
Bókhaldsþjónustan Örninn ehf
Bótamál
Brunahönnun slf
Bustravel Iceland ehf
Bygg Ben ehf
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars hf
CrossFit Reykjavík
Dal foss ehf
dubliners.is
Eðalflutningar ehf
Eðalklæði ehf
Efling stéttarfélag
Einar Sigurjónsson lögmaður
Eiríkur rauði ehf
Eldhús sælkerans ehf
Emmessis ehf
Eyesland gleraugnaverslun
Ferðafélag Íslands
Félag atvinnurekenda
Félag íslenskra hjúkrunarfræðinga
Félag slökkviliðs og sjúkraflutningsmanna
Fiskaup hf
Fold uppboðshús ehf
Framvegis-miðstöð símenntunar
Föt og skór ehf
Gastec ehf
Gátun ehf, bókhaldsþjónusta
Gólfefnavef ehf
Grænn markaður ehf
Gullnesti ehf
Gunnar Örn - málningarþjónusta
Gúmivinnustofan SP dekk ehf
Gæðabakstur og Ömmubakstur
Gæfumunir ehf
Hagi ehf - Hilti
Hagkaup
Hampiðjan hf
Hið íslenska bókmenntafélag
Hitastýring hf
Hljá Tannlæknastofa
Hókus Pókus ehf
Hrafnistuheimilin
Húsvernd ehf
Höfðahöllin bílasala
Iðnú útgáfa
Intellecta ehf
Island Apartments
ÍslandsApótek ehf
Íslenska útflutningsmiðstöð hf
Íslenski barinn ehf
JHM - sport.is
JYSK, Góð tilboð
K. H. G. Þjónustan ehf
Kjaran ehf
Kopar Restaurant
Kólus ehf
Kringlan
Krua Thai, veitingastaður
Krumma ehf
Könnuður ehf
Lagahvoll slf
Landsmennt fræðslusjóður
Landssamband lögreglumanna

Listamenn - Innrömmun
Læknahúsið Dea Medica ehf
Lögmannafélag Íslands
Lögskiil ehf
Málmtækni hf
MFM Miðstöðin ehf.
MS Armann skipamiðlun ehf
Múr og mál ehf
Múr- og málningarþjónustan Höfn ehf
Múrarmeistarafélag Reykjavíkur
Myllan
Nínukot ehf
Nýi tónlistarskólinn
Nýja sendibílastöðin hf
Orka ehf
Ottó B. Arnar ehf
Ósal ehf
Óskaskrín ehf
Pipar\TBWA
Pípulagnþjónusta Reykjavík ehf
Pökkun og flutningar ehf
Rafmennt ehf
Rafstjórn ehf
Rafver hf
Rafþekking ehf
Reiðhjólaverzlunin Berlín
Reykjavíkurborg
Reykjavíkurborgarprófestsdæmi eystra
Reyktal þjónusta ehf
Rima Apótek
Ríkismennt fræðslusjóður
Samfylkingin
Samtök starfsmanna fjármálafræðis-
SSF
Sendibílar Reykjavíkur ehf
Sigurjónsson & Thor ehf
Sjúkraliðafélag Íslands
Skipaþjónusta Íslands ehf
Skorri ehf
Skrifstofuvörur ehf
Spektra ehf
Stansverk ehf
Stjórnuegg hf
Svarta Kaffið kaffihús
Sveitamennt, fræðslusjóður
Systerasamliðið ehf, verslun og kaffihús
Tannlæknafélag Íslands
Tannréttingar sf
Tannval Kristínar Gíggju
Tark - Arkitektar
Tensio ehf
Terra Export ehf
Tónastöðin ehf
Tónskó mhappy.is
Kerföðrun ehf
Rafskoðun ehf, faggilt skoðunarstofa

Hafnarfjörður

Aflhlutir ehf
Barkasuða Guðmundar ehf
Blikksmiði ehf, s: 5654111 - blikksmiði@
simnet.is
CrankWheel ehf
Fiskvinnslan Hamrafell ehf
G.S. múrverk ehf
Grafa og grjótt ehf
GÞG ráðgjöf slf-Íslenskir endurskoðendur
Hafnarfjarðarbær
Hafnarfjarðarhöfn
Hagsuða ehf
Hagtak hf
Hamraborg ehf
Hólmasker ehf
Ísblik ehf
Íshestar ehf
Krydd Veitingahús
Matvex ehf
Nonni Gull
Reikningar og ráðgjöf ehf
Strendingur ehf
Ungbarnasund Erlu
Verktækni
Vélrás bifreiða- og vélaverkstæði
Véltindar ehf
Williams & Halls ehf
Þúsund Fjalir ehf

Álfanes

Brynjólfur Sigurðsson ehf
Útgerðarfélagið Berg ehf
Verslunarfélagið Emerald ehf

Reykjanesbær

Benni pípari ehf
Bergraf ehf
Brunavarnir Suðurnesja
DMM Lausnir ehf
Efnalaugin Vík ehf
Ferðaþjónusta Reykjaness ehf
Grímsnes ehf
Húsagerðin hf, vottaðir gluggar
Júlíus Helgi Einarsson
Sigurjónsbakari
Skólamatúr ehf
Skólar ehf
TM Bygg ehf

Grindavík

Einhamar Seafood ehf
Grindavíkurbær
Stakkavík ehf
Vísir ehf
Suðurnesjabær
ÁÁ verktakar ehf
Sl raflagnir ehf

Mosfellsbær

Afltak ehf
Ágluggar JG ehf
Byggingafélagið Bakki ehf
Dalsgarður ehf, gróðrarstöð
Dynkur ehf
Endurmenntunarferðir, s: 899 0768
Flotlagnir ehf
Gluggatækni ehf
Kopar & Zink ehf
Malbikstöðin ehf
MIG Verk ehf
Mosfellsbakari
Nonni litli ehf
Umbúðamiðlun ehf
Verkstæðið ehf
Vélsmiðjan Sveinn ehf
VGH-Mosfellsbæ ehf

Akranes

Hóperðabílar Reynis Jóhannssonar ehf
Norðanfiskur ehf
Skipaskagi ehf
Tannlæknastofan 2Gómar ehf
Vogir ehf

Borgarnes

Blómasetrið - Kaffi kyrrð
Borgarbyggð
Búvangur ehf
Hótel Borgarnes hf
Kvenfélag Stafholtstungna
Landlínur ehf
Solo hársnyrtistofa sf
Sprautu- og bifreiðaverkstæðið Borgarness sf

Reykholtt

krauma.is

Stykkishólmur

Þórsnes ehf

Grundarfjörður

Dvalarheimilið Fellaskjól
Rútuferðir ehf
Þjónustustofan ehf

Ólafsvík

TS Vélaleiga ehf

Snæfellsbær

Hótel Búðir

Hellissandur

KG Fiskverkun ehf
Skarðsvík ehf
Útnes ehf

Búðardalur

Rafsel Búðardal ehf
Rjómabúið Erpsstaðir ehf

Reykholahreppur

Ísafjörður
borea.is
Hótel Heydalur
Ísblikk ehf
Málningarbúðin Ísafirði ehf
Orkubú Vestfjarða ohf
Smali ehf

Hnífsdalur

Hraðfrystihúsið - Gunnvör hf

Bolungarvík

Endurskoðun Vestfjarða ehf
Í minningu Antons Rúnars Helgasonar
Sigurgeir G. Jóhannsson ehf

Súðavík

Súðavíkurhreppur

Flateyri

Sytra ehf

Suðureyri

Fiskvinnslan Íslandssaga hf

Patreksfjörður

Oddi hf, fiskvinnsla-útgerð

Bíldudalur

Hafkalk ehf
Íslenska kalkþörungafélagið ehf

Pingeyri

Svalvogar ehf
Véla- og bílaþjónusta Kristjáns ehf

Staður

Kvenfélagið lóunn

Blönduós

Sórlatunga ehf
Teni veitingahús

Sauðárkrókur

Aldan - stéttarfélag
Bókhaldsþjónusta KOM ehf
Byggðastofnun
Doddi málari ehf
Dögun ehf
Fjölbrautaskóli Norðurlands vestra
Verslunarmannafélag Skagafjarðar

Varmahlíð

Hótel Varmahlíð

Siglufjörður

Fjallabyggð
Selvík ehf
Siggi Odds ehf

Akureyri

Arte rakarastofa
Bifreiðaverkstæði Bjarnhéðins ehf
Blikkrás ehf
Eining-löja
Enor ehf

Ferðaskrifstofa Akureyrar / Verdi Travel

Grófargil ehf
Hagvíð ehf
Herradeild JMJ
Keahótel ehf
Ljósco ehf
Matur og Mörk ehf
Rafmenn ehf
Steypusögun Norðurlands ehf
Tannlæknastofa Árna Páls
Toyota Akureyri
uvavino.is
Veitingastaðurinn Krua Siam

Grenivík

Grýtubakkahreppur

Dalvík

EB ehf
Flæðipípulagnir ehf
Híðýlamálun, málningarþjónusta ehf
Vélvirki ehf, verkstæði
Whales Hauganes ehf

Húsavík

Tjörneshreppur
Trésmiðjan Rein ehf

Mývatn

Daddi's pizza, Mývatnssveit
Hlið ferðaþjónusta ehf

Kópasker

Eyjaferðar- og Þingeyjarprófastsdæmi

Þórshöfn

B.J. vinnuvélar ehf

Vopnafjörður

Bílar og vélar ehf
Sundleið ehf

Egilsstaðir

Ársverk ehf
Gistihúsið - Lake Hotel Egilsstaðir
Gunnarsstofnun
Héraðsprent ehf
Kaskó ehf
Móðir Jörð ehf, Vallanesi
Myllan ehf
Tréiðjan Einir ehf

Reyðarfjörður

Fjarðaveitingar ehf

Eskifjörður

Egersund Ísland ehf
Fjarðarþrif ehf
Hótel Eskifjörður ehf
Tandrabretti ehf
Tanni ferðaþjónusta ehf

Neskaupstaður

G.Skúlason vélaverkstæði ehf
Samvinnufélag útgerðamanna
Verkmenntaskóli Austurlands

Fáskrúðsfjörður

Loðnuvinnslan hf

Höfn í Hornafirði

Birkifell ehf - Birkifelli
Hótel Smyrlabjörg ehf
Karlsbrekka ehf
Rósaberg ehf
Þingvað ehf, byggingaverktakar
Ögmund ehf

Öræfi

Atlantsflug ehf, Skaftafelli

Selfoss

Árvirkinn ehf
Bühnykkur sf
Fjölbrautaskóli Suðurlands
Fræðslunetið - símenntun á Suðurlandi
Grímsnes og Grafningshreppur
Gróðrarstöðin Storð ehf
Guðmundur Tyrtingsson ehf
Hótel Skáholt
Kvenfélag Gaulverjabæjarhrepps
Kökugerð H P ehf
Málarinn Selfossi ehf
Málningarþjónustan ehf
Mika Restaurant
Prentverk Selfoss ehf
Pylsuvagninn Selfossi við brúarendann
Reykhlóll ehf
Set ehf, röraverksmiðja
Stálkrókur ehf
Súperlagnir ehf, s: 664 8892
Tannlæknarþjónustan.is, s: 482 3333
Ullarverslunin Þingborg ehf
Útfararþjónustan Fylgd ehf
Úthlið Ferðaþjónusta

Hveragerði

Flóra garðyrkjustöð
Múrþjónusta Helga Þorsteinssonar ehf

Þorlákshöfn

Jarðefnaðnaður ehf
Sveitarfélagið Ölfus

Ölfus

Eldhestar ehf

Hella

Freyðing ehf
Raffoss ehf
Rangárþing ytra

Hvolsvöllur

Krappi ehf, byggingaverktakar
Midgard Adventure ehf
Torf ehf
Viðskiptaþjónusta Suðurlands - umboð TM

Kirkjubæjarklaustur

Hótel Klaustur - Bær ehf

Vestmannaeyjar

Bókasafn Vestmannaeyja
Hótel Vestmannaeyjar
Ísfélag hf
Teiknistofa Páls Zóphóníassonar ehf
Vinnuföt og merkingar



Gjöf sem gefur

Gjöf sem gefur



Framtíðarsjóður

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú ungmenni á Íslandi til náms.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar á Íslandi. Ungmennir sem búa við efnislegan skort fá stuðning svo þau geti stundað nám á framhaldsskólastigi.

Stuðningurinn gerir þeim kleift að ljúka námi til stúdentsprófs, sveinsprófs eða annars sem veitir þeim starfsréttindi eða opnar þeim leið til háskólanáms. Ungu fólkið fær aðstoð við að kaupa námsgögn, greiða skólagjöld eða annað sem gæti orðið efnaminni nemendum hindrun í að ljúka námi.



Gjöf sem gefur



Vatn

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú fjölskyldu sem býr við sára fátækt ekki bara vatn heldur líka tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Epióplu. Vatnsskortur, landrof og eyðimerkumyndun einkenna landsvæðð sem fjölskyldan býr á í Sómalíykli.

Með brunni eða vatnspró fyrir regnvatn er aðgengi að heilnæmu vatni aukið svo um munar og þá verður heilsan betri. Þegar fjölskyldan getur brynt öryrum og veitt vatni á ræktarland eykur hún fæðuöryggi sitt og smám saman verður lífsáskoman betri.

Gjöf sem gefur



Húsaskjól

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni þak yfir höfuðið og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi lífi.

Nýtt múrsteinshús gefur ekki bara skjól, það gefur stolt, bjartsýni og von um að nú verði allt auðveldara og betra. Húsið er múrholðað og skordýr verpa ekki í holum í veggjum eins og í moldarköfanum. Af búrnjálmspakinu stáð þess að það streymi inn í þurkatímann í samum verður lífsáskoman betri.



Gjöf sem gefur



Geit

Sem þiggiandi þessa gjafabréfs tryggir þú barni næringarrika fæðu og tækifæri til betra lífs.

Gjafabréf þetta er gjöf sem gefur. Kaupandi þess ákvað að gefa þér þá gjöf að styrkja verkefni Hjálparstarfs kirkjunnar í Úganda. Í sveitinni njóta börn sem hafa misst foreldra úr aluðri stuðnings svo þau fái lífað mannaæmandi lífi.

Fjölskylda sem á geitastofn nýtur virðingar í samfélaginu. Suma kíðlinga má selja á markaði, aðra má nota til að stækka bústofnin enn frekar og svo er hægt að borða kjötið og njóta skinnis. Smám saman verður lífsáskoman betri.



www.gjofsemgefur.is